

**Fundargerð 31. fundar verkefnisstjórnar NordBio áætlunarinnar.
Fundurinn haldinn í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu þriðjudaginn 3. febrúar 2015.**

Mættir: Halldór Runólfsson, Jón Geir Pétursson, Stefán Stefánsson og Hólmfríður Sveinsdóttir verkefnisstjóri sem ritaði fundargerð. Jafnframt sat Danfríður Skarphéðinsdóttir formaður norræna stýrihópsins fundinn.

Formaður setti fundinn kl. 9.05.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar hafði verið send fundarmönnum og var hún samþykkt án athugasemda.

2. Norræni lífhagkerfispanellinn

Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn sendi lítillaga endurskoðað mandat fyrir norræna lífhagkerfispanelinn í skriflegt samþykktarferli til EK-FJSL (Eksekutiv) þann 30. janúar. Frestur til að skila athugasemdum rennur út þann 13. febrúar.

3. Skýrsla um NordBio á FJLS ráðherrafundi sumarið 2015

Óskað hefur verið eftir tillögum að dagskráliðum fyrir ráðherrafundi FJSL í Kaupmannahöfn í sumar. Samþykkt vað leggja það til ráðherrarnir verði upplýstir um stöðu NordBio áætlunarinnar á þeim fundi.

4. „Growth in Blue Bioeconomy“ ráðstefna í Færeyjum í júní 2015

Rætt um ráðstefnuna *Growth in Blue Bioeconomy* sem haldinn verður í Færeyjum 2.-3. júní 2015 og hvort og þá hvernig NordBio gæti tengst henni. Formaður mun hafa samband við samstarfsmann sinn í EK-FJSL (Ekse) í Færeyjum, sem jafnframt er tengiliður vegna ráðstefnunnar og ræða möguleg tengsl NordBio við ráðstefnuna.

5. Lokaráðstefnan 5.-6. október 2016 - undirbúningur

Rætt um lokaráðstefnu NordBio haustið 2016. Verkefnisstjóri lagði fram drög að verkefnalýsingu sem samþykkt var að senda til tveggja eða þriggja viðburðastjórnunarfyritækja og óska tilboða. Einnig var rætt um að skipa undirbúningshóp vegna lokaráðstefnunnar.

6. Önnur mál

a) Fjárhagsstaða NordBio

Verkefnisstjóri fór yfir fjárhagsstöðu NordBio.

b) Opinn kynningarfundur um NordBio 3. mars 2015

Á síðasta fundi var ákveðið að halda opinn kynningarfund um NordBio. Fundurinn verður 3. mars kl. 13-16 í Norræna húsinu. Eygló Harðardóttir, samstarfsráðherra Íslands í Norrænu ráðherranefndinni mun setja fundinn. Helsti markhópur fyrir fundinn er vísinda- og fræðasamfélagið.

c) The International Symposium on Northern Development

Greint var frá ráðstefnu sem haldinn verður í Québec í Kanada 25.-27. febrúar nk. undir yfirskriftinni *the International Symposium on Northern Development*. Á þeirri ráðstefnu verða tvö af NordBio verkefnum kynnt, þ.e. Biophilia og Nýsköpun í lífhagkerfinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.00.